



Ársskýrsla Fagdeildar taugahjúkrunarfræðinga starfsárið febrúar 2020 til nóvember 2021

Almennt

Fjöldi félaga

Skráðir félagsmenn í Fagdeild taugahjúkrunarfræðinga voru 76. Árlegt félagsgjald er 2000 kr.

Stjórn

Guðrún Jónsdóttir, formaður

Ingibjörg Tómasdóttir, varaformaður

Ingibjörg Bjartmarz, ritari

Sólveig Haraldsdóttir, gjaldkeri

Inga S. Guðbjartsdóttir, meðstjórnandi

Ellen Þórarinsdóttir og Jónína H. Hafliðadóttir, varamenn

Kosning á aðalfundi:

Á aðalfundi þann 4 nóvember 2021 var kosið í nýja stjórn fagdeildarinnar og eftir aðalfundarstörf þá var fræðandi erindi Ástrósar Sverrisdóttur um jákvæða sálfræði. Í stjórn fagdeildarinnar næsta starfsár verða eftirfarandi stjórnarmenn: Guðrún Jónsdóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Sólveig Haraldsdóttir, Inga S. Guðbjartsdóttir, Snædís Jónsdóttir, Marianne E. Klinke og Helga Kristín Þorsteinsdóttir. Við þökkum fráfarandi stjórnarmeðlimum Jónínu Hafliðadóttur, Ingibjörgu Bjartmarz og Ellen Þórarinsdóttur þeirra störf í stjórn síðastliðin starfsár. Ný stjórn mun hittast fljótlega og skipta með sér verkum.

Fundir stjórnar fagdeildar

Frá síðasta aðalfundi Fagdeildar taugahjúkrunarfræðinga hefur stjórnin fundað 4sinnum aukmikilla óformlegra samskipta þess á milli. Ekki hefur verið hægt að halda marga fundi vegna Covid á starfsárinu. Áætlað var að halda aðalfund í mars 2021 en féll hann niður vegna mikillar aukningar á Covid á því tímabili. Auglýstum aðalfundi var frestað þar til 4 nóvember 2021.

Innheimta félagsgjalda

Greiðsluseðlar eru sendir út einu sinni á ári í maí en í ár hefur verið beðið eftir að aðalfundi ljúki. Eftir það verða greiðsluseðlar sendir út og samkvæmt ákvörðun stjórnar mun árgjaldið verða óbreytt 2.000 kr.

Styrkir til fagdeildar

Sótt var um hefðbundna styrki til fagdeildar frá FÍH vegna innlendra/erlendra verkefna, en þeir voru ekki nýttir vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Starf stjórnar febrúar 2020-mars 2021

Árið hefur aðallega farið í eftirfarandi:

- Aðalfundur var haldinn 19. febrúar 2020 kl. 18.00 – 20.00 í fundarsal Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Mættir voru 10 félagsmenn fagdeildarinnar. Fundurinn hafði verið auglýstur vel á B2, B6, á Grensásdeildinni og á Reykjalundi. Einnig var aðalfundurinn auglýstur á Facebook síðu Fagdeildarinnar. Öllum hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum viðkomandi deilda var boðið að hlusta á erindi Dr. Erlu Björnsdóttur um svefn.
- Við höldum félagsfund á Grensás 21. júní 2020 um algengi svefnvanda hjá fólki með MS á Íslandi. Erindið hélt Aðalbjörg Albertsdóttir hjúkrunarfræðingur á Reykjalundi.
- Fagdeildin auglýsti ekki sérstaklega styrki í ár vegna Covid.
- EANN fundir hafa verið haldnir á skype og teams. Guðrún tók þátt í einum skype fundi 2020 en ekki náð að vera með á teams fundi í byrjun árs 21. Rafrænn fundur var 8 maí frá 8-15. Það voru kosningar um ráðstefnaland á framhaldsfundi í maí sl. Við buðum Ísland fram sem ráðstefnaland í samstarfi við Kom ráðstefnur – fyrirtæki sem útbjó fyrir okkur kynningarefni. Ráðstefnan verður væntanlega haldin á Íslandi í maí 2023, ef heimsfaraldur Covid setur ekki enn strík í reikninginn.
- Ekki náðist að halda fleiri félagsfundi á árinu en upplýsingasíða fagdeildarinnar á facebook hefur verið virk.

Erlent samstarf

- European Association of Neuroscience Nurses (EANN); Fagdeildin telst „Board-member“ sem þýðir full aðild og kosningaréttur á almennum félagsfundum EANN.
- World Federation of Neuroscience Nurses (WFNN); Fagdeildin telst „Board-member“ sem þýðir full aðild og kosningaréttur á almennum félagsfundum WFNN. Evrópskt samstarf, eftir því sem við á.

Fyrirhuguð forgangsverkefni á næsta starfsári:

- Undirbúningur ráðstefnu EANN 2023.

Fundir og ráðstefnur framundan:

- Heimasíða með upplýsingum um fundi:
<http://www.medical.theconferencewebsite.com/conferences/neurology>

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar taugahjúkrunarfræðinga,

Guðrún Jónsdóttir, formaður

Ingibjörg Bjartmarz, ritari

Sólveig Haraldsdóttir, gjaldkeri